

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.

Frá Guðjóni S. Brjánssyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra vinna að uppbyggingu heilbrigðisþjónustu um allt land?
2. Hvernig ætlar ráðherra að tryggja stöður heilsugæslulækna á landsbyggðinni?
3. Stendur yfir einhver skipulögð vinna sem miðar að úrbótum í málaflokki að þessu leyti?
4. Telur ráðherra það ásættanlegt fyrirkomulag að verktakar haldi uppi lækniþjónustu í mörgum byggðarlögum?
5. Hvaða áhrif hefur slitrótt heilbrigðisþjónusta á vellíðan og öryggi íbúa á landsbyggðinni og á viðhorf þeirra til áframhaldandi búsetu þar?
6. Hver eru fagleg og fjárhagsleg áhrif slitrótrar heilbrigðisþjónustu innan heilbrigðiskerfisins?